

ATH. Öll gögn og verkefni sem koma fram er að finna á sameign undir Olweus. Ef ekki finnst verkefni, þá get ég fundið þau, þið bara sendið á mig mail ☺

September

Kennsla:

Sameign: Skjöldur í kennslu – Einelti glærur til kennslu.

Taka góða og ítarlega umræðu um hvað er jákvæður bekkjarbragur. Til að efla skólabrag, þarf að leggja áherslu á að það er ekki nóg að vera grái kallinn. Það er þörf fyrir að flestir séu græni kallinn. Tala um muninn á þessum tveimur, aðgerðarleysi – hjálpa.

Við ætlum að vinna að útfærslu á bekkjarsáttmála til að hengja upp þar sem Olli er staddur.

Tengslakönnun lögð fyrir lok september! Skila beint til mín.

Fara yfir útileiki í fríminútum, getum við farið í leiki þar sem allir eru saman... Byrja strax á þessu til að hópa þau saman! Hér þarf að uppfæra skólaliða og stuðning, um að í þínum bekk sé búið að vera ræða þetta, spyrja þá hvort bekkurinn hafi farið í leiki og framvegis.

Gott er að láta nemendur koma með hugmyndir af útileikjum og láta umsjónarmann draga leik fyrir hverjar fríminútur.

Bekkjargfundir, hugmyndir af

umræðupunktum:

- **Alltaf byrja fyrsta fund á að fara yfir bekkjargfundarreglur.**
- Velkomin í skólann, hvað var gert í sumar.
- Hvað vilt þú fá út úr vetrinum?
- Langar þig að bæta þig í e-u, setja þér markmið? – Láta nemendur pæla fyrir foreldraviðtöl.
- Kíkja á þarfahringinn. Láta nemendur pæla í hvaða þörf er jákvæð hjá þeim og neikvæð.
- Hvernig vilja þau að skólinn sé, hvernig kennari þú sért? Þú getur rætt um hvernig nemendur þú vilt að þau séu.

Hægt að enda fundi með að hrósa hringinn, fara í leikinn skipta um sæti (Þannig kynnast nemendur hvort öðru) Fara í nafnaleik/minnisleik, klappa á bakið á hvort öðru.

Október

Kennsla:

Í október ætlum við að gera myndasamkeppni. Einföld teikning af strák og stelpu til að setja í húsið, brosandí og leið börn.

Prenta út bekkjarreglurnar og bekkjarfundarreglurnar og hengja upp á vegg. Sameign: *Bekkjargundir* – *Bekkjareglur settar nice upp.*

Græna mappan/ Klípusögur: Einelti:

Smásögur um nemendur, sagan af Einari og Rósa tekur á sig rögg

Spyrja nemendur út í fríminútur, hvað er verið að gera, vera tilbúin með jafnvel leikjahugmyndir og fl.

Bekkjargundir, hugmyndir af umræðupunktum:

Fara aftur yfir bekkjarfundarreglur.

Við ætlum að endurskoða eineltisreglurnar, þar sem þær eiga að vera meira í anda UTÁ, ekki svona mikið EKKI, heldur meira HVERNIG ☺

Eineltisreglurnar fjórar: ATH. Þær geta tekið allt að fjóra bekkjargundi hjá yngsta og miðstigi, en tekið styttri tíma hjá elsta stigi.

Eineltisreglurnar eru:

1. Við leggjum ekki aðra í einelti. – *Umræðupunktur út frá því geta verið: Hvað er einelti? Hvað er stríðni? Hvað þýðir það þegar einhver er útilokaður? Hvernig ætli það sé að hafa engan til að leika við? Hvernig eigum við að koma fram við bekkjarefélaga okkar? Muna að minna á sólina á leikvellinum.*
2. Við reynum að aðstoða þá nemendur sem verða fyrir einelti. – *Umræðupunktur út frá því geta verið: Getum við sett okkur í spor annarra? Hvernig sjálfsmýnd eru þeir með sem eru lagðir í einelti? Af hverju ætli rauði kallinn sé rauði kallinn? Hvernig getum við komið í veg fyrir að bregðast við á spýtunni? Ég tala mikið um á þessum fundi um að setja sig í spor annarra.*
3. Við eigum líka að vera með nemendum sem auðveldlega eru einir. – *Umræðupunktur geta verið: Hvaða leiki getur bekkurinn allur farið í í fríminútum? En á kvöldin í útileikjum? Hvernig ætli það sé að vera alltaf einn? Þorum við að biðja aðra um að koma að leika?*
4. Ef við vitum til þess að einhver er lagður í einelti eigum við að segja umsjónarkennaranum (eða öðrum kennara) frá því og líka fólkinu heima. *Mikilvægi þess að nemendur eru ALDREI að klaga þegar þau segja frá. Við eigum alltaf að stoppa og hlusta á hvað nemendur eru að segja okkur. Taka á málunum en ekki hunsa þau.*

Nóvember

Kennsla:

Mjög mikilvægt að fara yfir glærupakkan um hvað gerum við þegar upp kemur einelti. Sameign – skjöldur í kennslu – hvað gerum við...

NEMENDAVIÐTÖL – Vera búin að taka hvern nemenda í viðtal. Ath. Viðtal tekur aldrei meira en 15 mínútur, og flest einungis 5 mínútur.

Hér í þessum mánuði er mikilvægt að nemendur séu búnir að gera draumabekkurinn, bekkjarsáttmála.

Hvað er góður bekkjarbragur, láta nemendur hugsa og jafnvel skrá á veggspjald.

Áhugaverður linkur!

www.sjalfsmynd.com

Bekkjarsáttmála, hugmyndir af umræðupunktum:

- Þarfagreining og uppeldi til ábyrgðar komið vel á skrið í lífsleikni. Því er gott að ræða um öryggi (húsið) við krakkana og spyrja þau út í öryggi í skólanum.
- Hvernig erum við örugg?
- Hvernig komum við í veg fyrir óöryggi annarra?
- Finna aðrir fyrir öryggi ef við ógnum þeim?
- En ef við hlaupum á göngum?
- Eða löbbum aftan að e-m og öskrum?
- Spyrja nemendur hvernig þeir hafa það?
- Hvað líkar þeim vel við skólann?

- Er eitthvað sem þeim finnst að mætti fara betur... og ef svo, hvernig er hægt að laga það? Láta þau reyna að finna lausnir en ekki bara kvarta.

- Enda fund á að minna nemendur á bekkjarsáttmála, eineltishring og hvenær þau geta talað við ykkur. Að þau geti alltaf komið einslega. Ef þau treysta sér ekki að tala við ykkur, segja þeim frá úrræðum: hjúkkunni, námsráðgjafa, skólastjórnendum, öðrum kennurum og foreldrum.

Desember

Kennsla:

Námsvilji og árangur. Setja sér raunhæf markmið og reyna að ná þeim. Virðing við aðra í kennslu. Hvernig langar þeim að ganga á prófunum? Láta nemendur skrá niður á blað. Langtímamarkmið og skammtímamarkmið. Hvað vilja þau sjá á vitnisburðinum. Leyfa þeim að skrifa útaf fyrir sig. Mega sína þér ef þau vilja.

Klípusagan að gefa og þiggja – undir foreldrar og samskipti er mjög góð klípusaga þegar kemur að jólum og umræðu um jólagjafir ☺

Jólaskemmtun ☺

Hér á kennari að leggja fyrir könnun um líðan nemenda. Fullt af könnunum á sameign. Hægt að leita til Fríðu eða Lóu.

Í Desember er einnig

Mannréttindadagurinn (10. des)

Hér er hægt að fara í mikilvæga umræðu um þeirra réttindi, t.d. lesa barnasáttmálann, ræða um mannréttindi á Íslandi, eru þau öðruvísi en annarsstaðar, hvernig er hægt að brjóta á mannréttindum annarra? Við eigum öll rétt á því að vera eins og við erum, svo lengi sem við brjótum ekki á öðrum.

Bekkjarfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

Gaman gaman, jólin að koma.

- Hvað langar þeim í jólagjöf, um hvað snúast jólin?
- Hvað finnst þeim best að borða ?

ATH. Bekkjarfundir eru líka til að kynna

betur, ekki bara ræða um einelti eða

leiðindi sem koma upp. Alltaf að reyna að

peppa þá upp og reyna að fá alla til að opna

sig.

- (Öruggt að þið munuð þurfa ræða um snjó og snjóstríð og öryggi)
- Hægt er að enda fundi á að nemendur standi í hring, setji hendur á axlir næsta og nuddi. Eða teikna mynd á bakið á hvort öðru.

Janúar

Kennsla:

Gott að leggja fyrir aftur tengslakönnun, sérstaklega til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraviðtöl.

Gaman er að nemendur hitti vinabekkin sinn í janúar.

- hægt er að kynna bekkjarsáttmála eða annað skemmtilegt til að tengja bekkina saman.

Hópeflisleikir ☺

Tölum saman: Nemendur raða sér í tvær raðir og setjast á gólfíð. Spjöld með setningum eru lögð á milli þeirra á hvolf. Nemendur draga eitt spjald og ræða síðan um það sem stendur á spjaldinu í um eina mínútu. Önnur röðin færir sig síðan til hægri um eitt sæti og hin til vinstri um eitt sæti og fær þannig nýjan félag til að spjalla við og nýtt umræðuefni.

(Sjá spöld undir spil og leikir-

umræðuleikurinn á sameign í Olweus.)

Nafnaleikur: Segja nafnið sitt og finna dýr sem byrjar á sama staf og nafnið.

Stólaleikur: Stólum er raðað í röð og nemendur standa á þeim. Kennari gefur fyrirmæli um hvernig nemendur eiga að raða sér eins og t.d. eftir fæðingardeggi, raða sér eftir stærð, eftir sokkalitum eða hverju sem manni dettur í hug.

Minna á leiki í fríminútum.

Bekkjargfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

- Hvernig var í jólafríinu.
- Gerðu þið e-ð spennandi? Fenguð þið skemmtilegt í jólagjöf?
- Ræða um samskipti, t.d. varpa fram spurningunni, tölum við, við alla í bekknum? Haldið þið að það sé eitthver í bekknum sem þið hafið ekki talað við í langan tíma?
- Hvernig líður ykkur?
- Hvað gerið þið í fríminútum?
- Haldið þið að öðrum nemenda jafnvel í öðrum bekk líði illa?
- Hvernig tilfinningu fáíð þið, þegar þið sjáið eða heyrið um að öðrum líði illa?
- Hvað er samkennd? Er hún mikilvæg?
- Er alltaf hægt að sjá á okkur hvernig okkur líður? Vitum við alltaf hvernig öðrum líður, sést það utan á okkur?

Mikilvægt að rifja upp reglur á

bekkjargfundir og eineltisreglur.

Sérstaklega eftir jólafrí og svoleiðis.

Febrúar

Kennsla:

Góðverkavika er í febrúar ☺
Hægt að gera verkefni sem er á
www.godverkin.is

Frábært að byrja á því að spyrja nemendur út í þema, hvað gerir það skemmtilegt og fl.

MYNDBAND: KATLA GAMLA – Gera kennsluverkefni með myndbandi sem er að finna á sameign. ATH. Gaman að gera með vinabekk ☺

**Einstaklings-
viðtöl, taka tvö!**

Bekkjarfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

- Spyrja spurninga tengt góðverkaviku.
- Hvað er góðverk?
- Hvernig góðverk er hægt að gera heima?
- En í skólanum?
- Hver er munurinn á góðverki og hrósi?
- Er mikilvægt að hrósa?

112 dagurinn ☺ Fullt hægt að ræða um hann og finna verkefni á netinu.

Mars

Kennsla:

Áhersla á SAFT. Að tölvutími fari í að leifa nemendum að skoða SAFT.

Rusleyjan, lestrarbók eftir Þórarin Leifsson er nýtt fræðsluefni fyrir miðstig grunnskóla, sem SAFT dreifir til allra skóla landsins í vetur. Bókin fjallar um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla, með sérstaka áherslu á rafrænt einelti, og mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu. Henni fylgja handrit og framkvæmdarlýsing á jafningjafræðslu og spunaleikverki sem nefnist **Heimkoman** og er eftir Rannveigu Þorkelsdóttur leiklistarkennara. Leikritið er ætlað til uppsetningar af leiklistarhópum skóla. Bæði lestrarbók og leikriti er dreift án endurgjalds.

Bekkjarfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

- Spyrja út í tölvunotkun nemenda
- Lesa fyrir þau pistil á SAFT, um almenna netnotkun barna og unglunga.
- Ræða um gsm notkun.
- Eru nemendur meira að hitta vini sína eða í tölvunni að tala við vini sína?
- Hefur einhver lent í leiðindum á facebook eða öðrum samskiptavef?
- Hvað er gaman að gera í tölvunni?
- Er auðvelt að vinna verkefni á tölvu?

Árshátíðarmánuður,

þannig margir

umsjónartímar og

lífsleiknistímar munu

fara í það.

Apríl

Kennsla:

Áhersla á jákvæð samskipti.

Leggja fyrir könnun um líðan í skólanum.

Sjá á sameign – Olweus –

Sjálfsmatskannanir.

Hlutverkaleikir:

Sjá hlutverkaleiki á sameign. Mikilvægt að prófa á nemendum, ekki endilega þessi leikrit, þið getið búið til aðstæður sjálf og látið þau leika. Nemendur geta líka búið til sjálf handrit af hlutverkaleik.

Klípusögur, sjá grænu möppuna, tvær sögur: afmælisgjöfin og svikahrappurinn

Hópeflisleikir:

Blindur í göngutúr: Einn er með bundið fyrir augu, tveir leiðsögumenn leiða þann blinda. Spjöldum er raðað á gólfið og leiðsögumennirnir eiga að reyna að koma þeim blinda yfir án þess að hann stígi á motturnar.

Traustleikur: Krökkunum er skipt í tveggja til þriggja manna lið. Þeir snúa bókum saman og krækja saman olnbogunum og setjast á gólfið. Nemendur eiga að reyna að standa upp án þess að olnbogarnir losni. Ef það tekst eiga þeir að finna sér annað lið og gera þetta aftur og svo koll af kolli.

Bekkjarfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

- Hvað er grín?
- Fylgir alvara gríni?
- Er nóg að segja „Ég var bara að grínast?“
- Tökum við öll gríni eins?
- Segja frá
- Leysa vanda
- Ásakanir
- Líkamstjáning og raddstyrkur

Fara í hópeflisleiki, áður en ráðist er á að fara í hlutverkaleiki, það opnar nemendur betur fyrir því að fara í hlutverk.

Páskafri stór hluti af þessum mánuði ☺

Maí - Júní

Kennsla:

Fara út í hópeflisleiki.

Spila spilið: Burt með einelti. Skipta nemendum í hópa.

Klípusagan: Í skólanum, sjá í grænu möppunni.

Matsdagar og vordagar.

Bekkjarfundir, hugmyndir af umræðupunktum:

- Próf
- Kvíði
- Metnaður
- Lærdómur
- Vorferð
- Væntingar til næsta árs